

| | | | |
|-----------------------|------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| | I | EES-STOFNANIR | |
| | 1. | EES-ráðið | |
| | 2. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| | 3. | Sameiginlega EES-þingmannanefndin | |
| | 4. | Ráðgjafarnefnd EES | |
| | II | EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 2009/EES/36/01 | | Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka við samninginn | 1 |
| 2009/EES/36/02 | | Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (Noregur) | 8 |
| 2009/EES/36/03 | | Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur) | 9 |
| 2009/EES/36/04 | | Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-ríkjum; vextirmir gilda frá 1. mars 2009 | 10 |
| | 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| | III | EB-STOFNANIR | |
| | 1. | Ráðið | |
| | 2. | Framkvæmdastjórnin | |
| 2009/EES/36/05 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5570 – Platinum/Delphi) | 11 |

2009/EES/36/06

Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer C 14/08 (áður NN 1/08) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu Northern Rock – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans 12

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/36/01

frá 5. nóvember 2008

um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu*), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka við samninginn

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

með vísan til gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu*) ⁽²⁾, með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka við samninginn, einkum 15. gr.,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 194/04/COL frá 14. júlí 2004 um samþykkt tilmæla um viðkomandi markaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir og leiðbeininganna um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í rammatilskipuninni voru sett rammaákvæði um rafræn fjarskipti þar sem brugðist er við sívaxandi tæknisamruna með því að láta ákvæðin ná til allra netkerfa og allrar þjónustu á sviði rafrænna fjarskipta. Markmiðið með rammaákvæðunum er að draga smám saman úr atvinnugreinabundnum fyrirframkvæðum eftir því sem samkeppni eykst á markaðnum.
- 2) Samkvæmt 15. gr. rammatilskipunarinnar ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út tilmæli um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði í framhaldi af samráði við almenning og eftirlitsyfirlönd í EFTA-rikkjunum.
- 3) Tilgangur þessara tilmæla er að afmarka þá vöru- og þjónustumarkaði sem ástæða getur verið til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við ákvæði 1. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar. Fyrirframkvaðir eru jafnan lagðar á með það endanlega markmið í huga að bæta hag notenda með því að koma á varanlegri samkeppni á smásölumörkuðum. Skilgreiningin á viðkomandi mörkuðum getur breyst með tímanum og gerir það í reynd eftir því sem breytingar verða á eigindum vöru og þjónustu og möguleikum á eftirspurnar- eða framboðsstaðgöngu. Þar eð tilmælin frá 14. júlí 2004 ⁽³⁾ hafa verið í gildi um meira en fjögurra ára skeið telst á þessu stigi málsins rétt að endurskoða þau með hliðsjón af markaðsþróun á Evrópska efnahagssvæðinu. Tilmælin, sem hér birtast, koma þannig í stað tilmælanna frá 14. júlí 2004, í þeirri mynd sem þau voru samþykkt með ákvörðun 194/04/COL.

⁽¹⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 717/2007, Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32. „Rammatilskipunin“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, í þeirri mynd sem hún var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, Stjtið. ESB L 113, 27.4.2006, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 21, 27.4.2006, bls. 33. Samþykkt með ákvörðun nr. 194/04/COL.

- 4) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar ber Eftirlitsstofnun EFTA að skilgreina markaði í samræmi við meginreglur gildandi samkeppnisréttar. Því er í þessum tilmælum byggt á meginreglum samkeppnisréttar þegar dregin eru mörk milli markaða á sviði rafrænna fjarskipta, en ákvörðun um að beita fyrirframkvöðum á skilgreindum mörkuðum er háð því að viðkomandi markaðir séu þess eðlis að réttlæta megi að þeir verði felldir undir fyrirframkvaðir. Hugtakanotkun í þessum tilmælum er í samræmi við hugtakanotkun í rammatilskipuninni og tilskipun 2002/22/EB⁽⁴⁾. Samkvæmt rammatilskipuninni er það hlutverk eftirlitsyfyrvalda í hverju ríki að skilgreina viðkomandi markaði í samræmi við aðstæður í landinu, og þá einkum landsvæðið sem viðkomandi markaðir ná yfir í umdæmi þeirra.
- 5) Í tilmælunum er hafist handa við afmörkun á mörkuðum með því að skilgreina smásölumarkaði með framtíðarþróun þeirra í huga, að teknu tilliti til eftirspurnar- og framboðsstaðgöngu. Þegar smásölumarkaðir hafa verið skilgreindir er næsta skref að afmarka viðkomandi heildsölumarkaði. Ef framboð á markaði á síðari stigum kemur að verulegu leyti frá einu eða fleiri lóðrétt samþættum fyrirtækjum getur það reynst fyrirtækjum, sem eru ekki samþætt, erfitt að nálgast nauðsynleg aðföng. Til þess að unnt sé að ákvarða hvort ástæða er til að fella markaðinn undir fyrirframkvaðir getur því verið nauðsynlegt að gera sér fræðilega mynd af heildsölumarkaði á fyrri stigum. Markaðir á sviði rafrænna fjarskipta eru oft tvíhliða í eðli sínu í þeim skilningi að þeir taka til þjónustu sem er veitt á netum eða kerfum sem notendur á báðum hliðum markaðarins nýta sér, til dæmis notendur sem skiptast á símtölum eða sendendur og móttakendur upplýsinga og útsendingarefnis. Nauðsynlegt er að taka tilliti til þessara atriða þegar markaðir eru afmarkaðir og skilgreindir þar eð þau geta bæði haft áhrif á það hvernig markaðirnir eru skilgreindir og hvort þeir teljast þess eðlis að réttlæta megi beitingu fyrirframkvaða.
- 6) Við afmörkun markaða, sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir, er rétt að beita eftirtöldum ófrávikjanlegum viðmiðum. Fyrsta viðmiðið er að um sé að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir. Slíkar hindranir geta átt sér skipulagslegar, lagalegar eða stjórnsýslulegar orsakir. Við rannsókn á því hvaða markaði gæti verið ástæða til að fella undir fyrirframkvaðir í náinni framtíð ber þó einnig að horfa til þess hvort unnt sé að yfirvinna aðgangshindranir á tímabilinu sem miðað er við, með hliðsjón af því hvað fjarskiptamarkaðir eru sveigjanlegir í eðli og framkvæmd. Annað viðmiðið er því að aðeins má taka með markaði sem eru þannig uppbyggðir að á þeim er ekki að vænta virkrar samkeppni á tímabilinu sem miðað er við. Í tengslum við þetta þarf meðal annars að rannsaka hvaða samkeppnisskilyrði liggja að baki aðgangshindrununum. Þriðja viðmiðið er að ekki myndi nægja að beita ákvæðum samkeppnisréttar til að vinna bug á viðkomandi markaðsbresti/-brestum.
- 7) Helstu vísbendingar, sem skoða ber við mat á fyrsta og öðru viðmiðinu, eru svipaðar þeim sem horft er til í tengslum við greiningu á mörkuðum með framtíðarþróun þeirra í huga, einkum vísbendingar um aðgangshindranir þegar reglugerðarkvöðum er ekki til að dreifa (meðal annars hversu mikið er um óafturkræfan kostnað), uppbyggingu markaðarins, skilvirkni og sveigjanleika markaðarins, meðal annars vísbendingar á borð við markaðshlutdeild og þróun hennar og verð á markaði og þróun þess, og útbreiðslu neta eða grunnvirkja á vegum keppinauta. Ástæða er til að fella undir fyrirframkvaðir hvern þann markað sem fullnægir öllum þremur viðmiðunum þegar engum fyrirframkvöðum er til að dreifa.
- 8) Á grundvelli samkeppnissjónarmiða ber ekki að íþyngja nýjum mörkuðum með óviðeigandi kvöðum, jafnvel þótt hagræði fylgi því að vera fyrstur til að hefja starfsemi á viðkomandi markaði, í samræmi við ákvæði rammatilskipunarinnar. Til nýrra markaða teljast vöru- og þjónustumarkaðir sem einkennast af því, vegna þess hversu stutt þeir hafa starfað, að afar torvelt er að segja fyrir um skilyrði sem ráða eftirspurn eða skilyrði sem ráða nýrri starfsemi og framboði, og því erfitt að beita viðmiðunum þremur. Tilgangurinn með því að fella nýja markaði ekki undir reglugerðarákvæði í nafni samkeppni er að stuðla að nýsköpun eins og kveðið er á um í 8. gr. rammatilskipunarinnar. Jafnframt er æskilegt að koma í veg fyrir að markaðsleiðandi fyrirtæki hindri aðgang að slíkum mörkuðum, eins og einnig er bent á í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk samkvæmt regluramma EB um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu⁽⁵⁾. Smávægilegar endurbætur á fjarskiptanetum sem fyrir eru leiða sjaldan til þess að

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu), Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 51, sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 5cm í XI. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004, Stjtið. ESB nr. L 116, 22.4.2004, bls. 60, og EES-viðbætur nr. 20, 22.4.2004, bls. 14.

⁽⁵⁾ Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk samkvæmt rammaákvæðum um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem um getur í XI. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, Stjtið. ESB C 101, 27.4.2006, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 21, 27.4.2006, bls. 1.

nýr markaður verði til. Áður en unnt er að draga þá ályktun að vara tilheyri ekki markaði sem þegar er til verður að ganga úr skugga um það, bæði frá eftirspurnarlið og framboðshlið, að staðgönguvörum sé ekki til að dreifa. Þegar fram kemur ný smásöluþjónusta getur það leitt af sér nýjan afleiddan heildsölumarkað og valdið því að ókleift er að veita slíka smásöluþjónustu með þeim heildsöluvörum sem fyrir eru.

- 9) Að því er þessi tilmæli varðar þarf að huga að tvenns konar aðgangshindrunum: skipulagslegum hindrunum og lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum.
- 10) Skipulagslegar aðgangshindranir stafa af því að upphaflegar aðstæður að því er varðar kostnað eða eftirspurn leiða til ójafnvægis milli fyrirtækja sem fyrir eru og nýliða á markaði og tefja þannig eða stöðva markaðssókn hinna síðarnefndu. Dæmi um miklar skipulagslegar hindranir eru þegar markaðurinn einkennist af ótvíræðu kostnaðarhagræði, umtalsverðri stærðarhagkvæmni og/eða samlegðaráhrifum, takmörkunum á auknu framboði og miklum óafturkræfum kostnaði. Enn er unnt að benda á hindranir af því tagi í tengslum við almenna útbreiðslu og framboð á staðaraðgangsnætti með fasttengingu. Skipulagsleg hindrun af svipuðu tagi er þegar ekki er unnt að veita tiltekna þjónustu nema með netkerfisbúnaði sem keppinautar geta ekki líkt eftir af tækni-
legum ástæðum eða vegna kostnaðar.
- 11) Lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir eru ekki til komnar vegna efnahagsskilyrða heldur ráðast þær af lögum, stjórnsýslureglum eða öðrum ráðstöfunum hins opinbera sem hafa bein áhrif á aðgangsskilyrði og/eða stöðu rekstraraðila á viðkomandi markaði. Dæmi um lagalegar eða stjórnsýslulegar hindranir, sem hindra markaðssókn, eru takmarkanir á fjölda þeirra fyrirtækja sem hafa leyfi til að nota tíðnirófið til að veita grunnþjónustu. Önnur dæmi um lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir eru verðlagseftirlit og aðrar verðlagsráðstafanir sem fyrirtækjum er skylt að hlíta og hafa ekki aðeins áhrif á markaðssókn fyrirtækja heldur einnig stöðu þeirra á markaðnum. Lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir, sem unnt er að fella tímanlega gildi, ber að jafnaði ekki að telja til efnahagslegra aðgangshindrana á þann hátt að fyrsta viðmiðinu teljist fullnægt.
- 12) Aðgangshindranir geta jafnframt farið að skipta minna máli á mörkuðum sem einkennast af nýsköpun og stöðugum tækniframförum. Slíkir markaðir einkennast oft af samkeppnisaðhaldi sem myndast vegna tækninýjunga hugsanlegra keppinauta sem hafa ekki enn tekið til starfa á markaðnum. Á nýskapandi mörkuðum getur myndast virk samkeppni, eða samkeppni sem byggist upp á löngum tíma, milli fyrirtækja sem eru ekki nauðsynlega keppinautar á starfandi „kyrrstæðum“ markaði. Í þessum tilmælum eru ekki tilgreindir markaðir sem talið er að muni ekki búa við varanlegar aðgangshindranir um fyrirsjáanlegan tíma. Við mat á því hvort líklegt sé að aðgangshindranir verði áfram við lýði ef ekki kemur til reglusetningar er nauðsynlegt að skoða hvort algengt sé að ný fyrirtæki hefji starfsemi í greininni með góðum árangri og hvort slík markaðssókn hafi átt sér stað nægilega hratt og viðvarandi til að takmarka markaðsráðandi stöðu, eða líklegt sé að svo verði í framtíðinni. Vægi aðgangshindrana mun meðal annars ráðast af minnsta hagkvæma framleiðslumagni og kostnaði sem er óafturkræfur.
- 13) Þó að markaður einkennist af miklum aðgangshindrunum geta aðrir skipulagslegir þættir leitt til virkrar samkeppni á markaðnum á tímabilinu sem til athugunar er. Sveigjanleiki markaðarins getur til að mynda ráðist af tækniþróun eða af samruna vöruhegunda og markaða sem leiðir til þess að samkeppnisaðhald myndast milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi vörumörkuðum. Þetta getur einnig gerst á mörkuðum með fáum – en þó nægilega mörgum – fyrirtækjum sem hafa ólíka kostnaðaruppbyggingu og þurfa að mæta eftirspurn sem sveiflast með verði. Framleiðslugeta á markaðnum getur einnig verið umfram eftirspurn og það gerir keppinautum að jafnaði kleift að auka framleiðslu sína mjög hratt þegar verð hækkar. Á slíkum mörkuðum má þegar fram í sækir búast við breytingum á markaðshlutdeild og/eða verðlækkunum. Þegar hraðar breytingar verða á sveigjanleika á markaði er rétt að vanda afmörkun tímabilsins sem miðað er við til þess að það endurspegli þá markaðsþróun sem máli skiptir.
- 14) Ákvörðun þess efnis að ástæða geti verið til að fella tiltekinn markað undir fyrirframkvæðir þarf einnig að taka mið af mati á því hvort nægilegt sé að beita ákvæðum samkeppnisréttar til að vinna bug á markaðsbrestum sem leiðir af því að fyrstu tveimur viðmiðunum er fullnægt. Ólíklegt er að nægilegt sé að beita samkeppnisrétti þegar ráðstöfun, sem gerð er í því skyni að ráða bót á markaðsbresti, felur í sér umfangsmiklar kröfur um úrbætur eða nauðsynlegt er að afskiptin séu tíð eða tafarlaus.

- 15) Með því að beita viðmiðunum þremur ætti að vera unnt að fækka þeim mörkuðum á sviði rafrænna fjarskipta sem felldir eru undir fyrirframkvæðir og stuðla þannig að því markmiði með rammaákvæðunum að draga smám saman úr starfsgreinabundnum reglum eftir því sem samkeppni eflist á mörkuðunum. Viðmiðunum skal beitt sem einni heild þannig að sé einhverju einu þeirra ekki fullnægt sé það vísbending um að ekki sé ástæða til að fella viðkomandi markað undir fyrirframkvæðir.
- 16) Aðeins skal setja stjórnsluákvæði um smásölustarfsemi þegar eftirlitsyfirvöld viðkomandi ríkis komast að þeirri niðurstöðu að ráðstafanir á heildsölustigi eða ráðstafanir, sem lúta að vali eða forvali þjónustuveitanda, myndu ekki nægja til að ná því markmiði að tryggja virka samkeppni og að almannahagsmunir séu virtir. Með afskiptum á heildsölustigi, til að mynda aðgerðum sem geta haft áhrif á smásölumörkuðum, geta EES-ríkin tryggt að virðisaukakeðjan sé opin samkeppni eftir því sem framast verður við komið, og skilað notendum þannig bestu hugsanlegu niðurstöðu. Í þessum tilmælum eru því fyrst og fremst afmarkaðir heildsölumarkaðir, en tilgangurinn með hæfilegri stýringu á þeim er að bæta úr augljósum skorti á virkri samkeppni á notendamörkuðum. Ef eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríki sýna fram á að afskipti á heildsölustigi hafi ekki skilað árangri getur verið ástæða til að fella viðkomandi smásölumarkað undir fyrirframkvæðir, að því tilskildu að ofangreindum þremur viðmiðum sé fullnægt.
- 16) Hinn 17. desember 2007 gaf framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna út ný tilmæli 2007/879/EB ⁽⁶⁾ um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafrænna fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir í samræmi við rammatilskipunina.
- 17) Við endurskoðun á tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði er byggt á hinum nýju tilmælum framkvæmdastjórnarinnar og sjónarmiðum sem koma fram í greinargerð framkvæmdastjórnarinnar með tilmælum hennar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið þá afstöðu í endurskoðuninni að samanburður á markaðsþróun skuli fara fram með hliðsjón af því sem gerist á Evrópska efnahagssvæðinu en ekki aðeins með tilliti til markaðsaðstæðna í einstökum EFTA-ríkjum.
- 19) Þegar litið er til markaðsþróunar í EFTA-ríkjunum og athugasemda sem bárust við kynningu meðal almennings, auk annarra tiltækra upplýsinga, virðist ekki líklegt að markaðsstarfsemi á sviði rafrænna fjarskipta í EFTA-ríkjunum þremur almennt víki meira frá því sem gerist að meðaltali á mörkuðum í Evrópusambandinu, eða á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, en samsvarandi markaðsstarfsemi í einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins vikur frá því meðaltali.
- 20) EES-samningurinn hefur það markmið „að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisráðgjörðum“ ⁽⁷⁾. Með hliðsjón af þessu markmiði og af því sem rakið hefur verið hér á undan gefur Eftirlitsstofnun EFTA út tilmæli sem miðuð eru við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að tryggja að hinu sameiginlega regluverki sé beitt á einsleitann hátt og tryggja réttaröryggi þeirra sem eiga hagsmuna að gæta á sviði markaða fyrir rafræn fjarskipti á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta leiðir til þess að mörkuðum, sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir, fækkar í þessum tilmælum úr 18 í 7.
- 21) Þó að mörkuðum, sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir, sé fækkað þarf það ekki að þýða að virk samkeppni sé í öllum EFTA-ríkjunum á mörkuðunum sem falla brott og að ekki sé lengur réttlæt看legt að fella þá undir fyrirframkvæðir. Við endurskoðunina bárust Eftirlitsstofnun EFTA ábendingar um að réttlæt看legt gæti verið að viðhalda stýringu á tilteknum mörkuðum.
- 22) Markaðirnir, sem taldir eru upp í viðaukanum, voru afmarkaðir á grundvelli ófrjávíkjanlegu viðmiðanna þriggja. Við athugun eftirlitsyfirvalda í EFTA-ríkjunum á mörkuðum sem eru ekki taldir upp í þessum tilmælum er rétt að beita þriggja viðmiða prófinu. Að því er varðar markaði sem eru taldir upp í viðaukanum við tilmæli 194/04/COL frá 14. júlí 2004, en ekki í viðauka við tilmælin sem hér eru birt, er rétt að eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum hafi vald til að beita þriggja viðmiða prófinu við mat á því hvort enn sé ástæða til að fella tiltekinn markað undir fyrirframkvæðir með hliðsjón af aðstæðum í landinu. Að því er varðar markaði sem eru taldir upp í þessum tilmælum geta eftirlitsyfirvöld ákveðið að láta ekki fara fram markaðsgreiningu ef það kemst að þeirri

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 65.

⁽⁷⁾ Fjórða forsenda inngangsróða EES-samningsins.

niðurstöðu að viðmiðunum þremur sé ekki fullnægt á viðkomandi markaði. Eftirlitsyfirvöldum er heimilt að tilgreina aðra markaði en gert er í tilmælunum, að því tilskildu að farið sé að ákvæðum 7. gr. rammtilskipunarinnar. Ef látið er hjá líða að tilkynna fyrirhugaða ráðstöfun sem hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna á þann hátt sem lýst er í 38. forsendu rammtilskipunarinnar, getur það leitt til þess að hafin verði málsmeðferð gegn hlutaðeigandi ríki vegna brota á gildandi reglum. Markaðir, sem eru ekki taldir upp í þessum tilmælum, skulu skilgreindir samkvæmt meginreglum um samkeppnismál sem mælt er fyrir um í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu⁽⁸⁾, samræmast leiðbeiningum stofnunarinnar um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk og fullnægja viðmiðunum þremur sem lýst hefur verið.

- 23) Þó að í tilmælum þessum séu tilgreindir vöru- og þjónustumarkaðir sem ástæða gæti verið til að fella undir fyrirframkvæðir merkir það ekki að ávallt sé ástæða til stýringar eða að á þessum mörkuðum verði lagðar á kvaðir samkvæmt sértilskipununum. Einkum gildir að forðast ber stýringu, eða afhema stýringu sem komið hefur verið á, ef virk samkeppni er á þessum mörkuðum þegar engin stýring er fyrir hendi, þ.e. ef ekkert fyrirtæki hefur verulegan markaðsstyrk í skilningi 14. gr. rammtilskipunarinnar. Áriðandi er að kvaðir séu víðeigandi og í samræmi við eðli vandans sem þær eiga að ráða bót á, ekki íþyngjandi um of og réttlætanager að teknu tilliti til markmiðanna sem sett eru í rammtilskipuninni, einkum í þeim skilningi að ávinningur notenda sé sem mestur, samkeppni sé ekki raskað eða hún takmörkuð, ýtt sé undir skilvirkar fjárfestingar í grunnvirkjum og stuðlað að nýsköpun og ýtt sé undir skilvirka notkun og stýringu á tíðnisviðum og númerum.
- 24) Markaðir eru skilgreindir í tilmælum þessum með fyrirvara um markaðsskilgreiningar í sértílikum samkvæmt ákvæðum samkeppnisréttar. Þá gilda fyrirframkvæðir með fyrirvara um það hvaða starfsemi fellur undir greiningu samkvæmt samkeppnisrétti.
- 25) Tilmæli þessi hafa verið kynnt almenningi og borin undir eftirlitsyfirvöld og önnur stjórnvöld í EFTA-ríkjunum.
- 26) Tilmæli þessi skal lesa með hliðsjón af greinargerð sem fylgir tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/879/EB um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafræna fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir í samræmi við rammtilskipunina. Í greinargerðinni er meðal annars að finna lýsingu á tækni sem er í örri þróun og tengist mörkuðunum sem skilgreindir eru í tilmælunum.

ÁKVÆÐI TILMÆLANNA ERU SEM HÉR SEGIR:

1. Við skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum sem eiga við í hverju landi, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 15. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn, *tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu*, með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka við samninginn, skulu eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum greina vöru- og þjónustumarkaðina sem taldir eru upp í viðauka við tilmæli þessi.
2. Við afmörkun annarra markaða en þeirra sem getið er í viðaukanum skulu eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum sjá til þess að öllum eftirfarandi viðmiðum sé fullnægt:
 - a) Um sé að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir. Slikar hindranir geta verið skipulagslegar, lagalegar eða stjórnsýslulegar.
 - b) Markaðir séu þannig uppbyggðir að á þeim sé ekki að vænta virkrar samkeppni á tímabilinu sem miðað er við. Í tengslum við þetta þarf meðal annars að rannsaka hvaða samkeppnisskilyrði liggja að baki aðgangshindrununum.
 - c) Ekki myndi nægja að beita ákvæðum samkeppnisréttar til að vinna bug á viðkomandi markaðsbrest/-brestum.

⁽⁸⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 46/98/COL frá 4. mars 1998 um útgáfu tveggja tilkynninga á sviði samkeppnismála um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og um minniháttarsamninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, Stjtið. EB L 200, 16.7.1998, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 28, 16.7.1998, bls. 1.

1. Tilmæli þessi eru gefin út með fyrirvara um markaðsskilgreiningar, niðurstöður markaðsgreiningar og kvaðir, sem eftirlitsyfirvöld einstakra ríkja hafa mælt fyrir um í samræmi við ákvæði 3. mgr. 15. gr. og 16. gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn, með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við þann samning og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka við samninginn (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), áður en þessi tilmæli öðluðust gildi.
2. Tilmælum þessum er beint til EFTA-ríkjanna.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Smásala

1. Aðgangur heimila og annarra viðskiptamanna að almenna símkerfinu með fasttengingu.

Heildsala

2. Upphaf símtala í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu.

Í þessum tilmælum er miðað við að upphaf símtals taki einnig til símtalsflutnings, sem er afmarkaður innanlands í samræmi við skilgreind mörk markaða fyrir símtalsflutning og lúkningu símtala í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu.

3. Lúkning símtala í einstökum almennum símkerfum gegnum fasttengingu.

Í þessum tilmælum er miðað við að lúkning símtals taki einnig til símtalsflutnings, sem er afmarkaður innanlands í samræmi við skilgreind mörk markaða fyrir upphaf símtals og símtalsflutning í almenna símkerfinu gegnum fasttengingu.

4. Heildsöluaðgangur að (efnislegum) netvirkjum (meðal annars sameiginlegur eða fyllilega ósundurgreindur aðgangur) gegnum fasttengingu.

5. Breiðbandsaðgangur í heildsölu.

Þessi markaður tekur til aðgangs að óefnislegum netum eða sýndarnetum, meðal annars „bitastraumsaðgangs“ gegnum fasttengingu. Hér er um að ræða markað á síðara stigi en aðgangur að efnislegum netvirkjum samkvæmt 4. lið hér á undan, í þeim skilningi að unnt er að bjóða breiðbandsaðgang í heildsölu með því að sameina þennan aðgang öðrum þáttum.

6. Heildsöluaðgangur að heimtaugarhlutum leigulína, óháð tækninni sem er notuð til að veita leiguaðgang eða sérhæfðan aðgang.

7. Svörun símtala í einstökum farsímakerfum.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 2009/EES/36/02
3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri aðstoðarráðstöfun.

Dagsetning ákvörðunar: 18. febrúar 2009

Málsnúmer: 64824

EFTA-ríki: Noregur

Hérað: –

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Áætlun um orkuvinnslu úr lifrænu efni

Lagaheimild: Ákvæði 50. liðar 1150. kafla í fjárlögum norska ríkisins og árlegur landbúnaðarsamningur

Tegund aðstoðar: Aðstoðaráætlun

Markmið: Umhverfisvernd

Aðstoðarform: Beinir styrkir

Fjárveiting: 35 milljónir norskra króna (um 3,9 milljónir evra) á ári. Árlegar fjárveitingar eru háðar samþykkt þingsins við afgreiðslu fjárlaga.

Aðstoðarhlutfall: Í samræmi við leiðbeiningar

Gildistími: Til 1. janúar 2014

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Landbruks- og matdepartementet, Postboks 8007, 0030 Oslo

Nánari upplýsingar: –

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsowork/fieldstateaid/stateaidregistry>

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins**2009/EES/36/03**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar: 30. janúar 2009

Málsnúmer: 65833

EFTA-ríki: Noregur

Hérað: –

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Ríkisfjármögnun á Eksportfinans

Lagaheimild: Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Lánsheimild

Markmið: Að sjá Eksportfinans fyrir langtímafjármögnun

Aðstoðarform: Beinar lánveitingar

Fjárveiting: 30 milljarðar norskra króna, um 3,1 milljarður evra

Aðstoðarhlutfall: –

Gildistími: Til 31. desember 2010

Atvinnugreinar: Eksportfinans sér öllum útflutningsgreinum í Noregi fyrir fjármögnun

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Nærings- og industridepartementet [fyrir hönd norska ríkisins], Einar Gerhardsens plass 1, 0030 Oslo

Nánari upplýsingar: –

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

**Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem innheimta ber við 2009/EES/36/04
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-rikkjum;
vextirnir gilda frá 1. mars 2009**

Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1)

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar eftirlitsstofnunarinnar 788/08/COL frá 17. desember 2008. Til þess að finna viðeigandi viðmiðunarvexti verður að bæta við hæfilegu vaxtaálagi í samræmi við ákvæði ríkisaðstoðarleiðbeininganna. **Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur viðeigandi vaxtaálagi, þ.e. 100 grunnpunktum.** Endurkröfuvextirnir verða einnig að jafnaði reiknaðir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina eins og kveðið er á um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 789/08/COL frá 17. desember 2008 um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (er birtist í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1).

| | Ísland | Liechtenstein | Noregur |
|--------------------|--------|---------------|---------|
| 1.1.2009–31.1.2009 | 16,42 | 2,95 | 6,43 |
| 1.2.2009–28.2.2009 | 16,42 | 2,33 | 5,41 |
| 1.3.2009– | 16,42 | 1,58 | 4,26 |

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/36/05

(Mál COMP/M.5570 – Platinum/Delphi)

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. júní 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Platinum Equity LLC („Platinum“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í tilteknum hlutum bandaríska fyrirtækisins Delphi Corporation („Delphi“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Platinum: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Delphi: framleiðsla á farrafeindatækjum og flutningakerfum fyrir ökutækjaiðnaðinn
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjttíð. ESB (C 155, 8. júlí 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5570 – Platinum/Delphi, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Bretland**2009/EES/36/06****Málsnúmer C 14/08 (áður NN 1/08) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu
Northern Rock****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 149, 1.7.2009](#).

Frankvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32-22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Bretlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.